

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til eftirfarandi skipaflokka:

1. Skuttogara, þ. e. togskipa, sem taka trollið inn um skutrennu og eru með aflvél 900 hestafla eða stærri.
2. Síðutogara, sem eru lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins.
3. Skipa, sem loðnuveiðar stunduðu samkvæmt reglugerð nr. 309 30. júní 1981, ásamt síðari breytingum.

Þegar í grein þessari er rætt um aflvél og mestu lengd skipa er miðað við mælingar Siglingamálastofnunar ríkisins.

2. gr.

Skipum þeim sem eru talin í 1. gr., eru bannaðar þorskveiðar, sem hér segir:

1. Í 30 daga samtals á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl 1983 og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 10 daga á tímabilinu 1. janúar til 28. febrúar 1983.
2. Í 45 daga samtals á tímabilinu 1. maí til 31. ágúst 1983, og þar af skal hvert skip láta af þorskveiðum í a. m. k. 25 daga á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1983.
3. Í 35 daga samtals á tímabilinu 1. september til 31. desember 1983.

3. gr.

Útgerðaraðilar ráða tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr., en láti skipið af þorskveiðum skemur en 4 sólarhringa samfelld, telst sá tími ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni, gilda eftirfarandi reglur:

1. Upphaf tímabils miðast við þann tíma, er skip kemur í höfn til löndunar afla úr síðustu veiðiferð fyrir tímabil.
2. Lok tímabils miðast við þann tíma, er skip heldur úr löndunarhöfn til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir leyfilegum mörkum sbr. 5. gr., telst jafnlangur tími og fer í siglingar með afla út og til heimahafnar aftur, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.
4. Stundi loðnuskip, sbr. 3. tl. 1. gr., þorsknetaveiðar einhvern hluta ársins telst sá tími, er það notar til þeirra veiða, ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem skip láta af þorskveiðum sbr. 2. og 6. gr. má hlutur þorsks í heildarafla hverrar veiðiferðar ekki nema meiru en hér segir:

1. 5% í 33 daga.
2. 15% í 44 daga.
3. 30% í 33 daga.

Fari þorskafli yfir leyfileg mörk samkvæmt 1. mgr. sbr. 2. og 6. gr., verður andvirði þess, sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla nr. 32/1976.

6. gr.

Útgerðaraðili skal, þegar eftir löndun og strax er löndunarnótur liggja fyrir, tilkynna til ráðuneytisins með skeyti, hversu lengi skipið lét af þorskveiðum, hvert var hlutfall þorsks í afla og til hvaða prósentuflokks, sbr. 5. gr., veiðiferðin telst.

Hafi skip ekki stundað fiskveiðar á þeim tíma, er það lét af þorskveiðum, skal tilkynna í skeyti, hvaða tímabil skipið lét af þorskveiðum, um leið og skip heldur til veiða á ný.

Útgerðaraðilar eru bundnir við tilkynningar sínar og geta ekki gert breytingar á þeim, nema að fengnu samþykki ráðuneytisins.

Berist ráðuneytinu ekki skeyti innan þriggja sólarhringa frá því er löndun lauk, sbr. 1. mgr. eða skip heldur til þorskveiða sbr. 2. mgr. eða reynast upplýsingar rangar, getur ráðuneytið ákveðið, að tilkynnt tímabil reiknist ekki með sem þorskveiðibann.

7. gr.

Verði upplýsingar samkvæmt 6. gr. ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið að hlutaðeigandi skip skuli láta af þorskveiðum ákveðið tímabil og ennfremur hver hlutur þorsks í heildarafla megi vera á því tímabili. Fari hlutur þorsks yfir leyfileg mörk samkvæmt þessari grein, varðar það upptöku samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

8. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. janúar 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.